

# Fundur skólaráðs Austurbæjarskóla með fulltrúum stjórnar nemendafélags og formanni foreldrafélags.

13. mars, 2017.

Nemendur ræða styrkleika og veikleika Austurbæjarskóla.

Unglingadeildin er meiri heild en bara bekkir.  
Kennarar í unglingadeild hafa jákvætt viðmót.  
Góð aðstaða til að hita mat í matsalnum.  
Viðleitni til að koma til móts við grænmetisætur í skólamötuneyti.  
Góður aðgangur að tölvum fyrir verkefnavinnu  
Bókasafnið er góður staður til að slaka á og læra.  
Gott aðgengi að salernum, alltaf vel þrífín en mættu vera meira aflokuð.

Það sem betur má fara:

**Risið:** Það mætti hressa upp á það, endurmála, það er of dimmt.  
Í risi verða að vera til staðar góðar græjur til að hlusta á tónlist.  
Nýju sófarnir í risinu hefðu mátt vera valdir í samráði við nemendur, þeir eru ekki nógu þægilegir. Um þetta hefði mátt kjósa.  
Almennt má vera samráð við nemendur um kaup á búnaði.

**Skólareglur:** Reglur um símanotkun eru óljósar. Margir spyrja: Hvers vegna má ekki hafa síma í matsal? Flestir skilja reglurnar en þó eru reglur um þær óskýrar. Nemendur spyrja t.d. af hverju sé ekki leyfilegt að vera í sínum (á silent) á bókasafni þegar ekki er kennslustund? Kennarar yngri bekkja hafa skipt sér af símanotkun unglunga á göngum og ekki er samhljómur milli kennara um reglur um símanotkun.

## Ýmislegt:

Vatnið úr krönunum er vont.  
Fleiri ruslatunnur, umgengni er ekki nógu góð.  
Fjármögnun og skipulag fyrir Skrekk mætti liggja fyrir fyrir á vetrinum, hverju má eyða svo hægt sé að gera áætlanir, ráða leikstjóra fyrir í ferlinu svo hægt sé að undirbúa Skrekk betur.  
Hafa bekkir á göngunum fyrir utan stofurnar, á milli skápanna, svo hægt sé að tylla sér meðan borðað er nesti.  
Endurmála vegg, gluggakarma og sérstaklega laga glugga þar sem lekur.  
Það mætti koma upp töflu fyrir tilkynningar, við hliðina á útidyrum eða í risi.  
Tími til að fara í sturtu eftir sund eða íþróttir er of knappur.

## Umræður:

Spurning frá skólaráðsfulltrúum um skreytingar á veggjum í risi. Hugmynd um nefnd sem færi í að skoða hugsanlega veggspjöld á veggjum eða að nemendur sjálfir geri listaverk til að hafa á vegg í risi.

**Almennar umræður um risið:** Stundum er læst upp í ris, það tekur tíma að ná í kennara til að opna. Skólastjóri útskýrir að það þarf alltaf að vera starfsmaður á vakt.

Nemendur hafa áhyggjur af mikilli fækkun nemenda sem sækja í risið í frímínútum. Áður var samlokusala og Jón Gunnar stóð vaktina, þá var vinsælt að hanga í risinu sem skapaði góða stemningu. Nú fara allir út í sjoppu eða Krambúð sem hefur aukið mjög neyslu á óhollum mat og sælgæti, ekki góð þróun. Margar ástæður eru tíndar til, m.a. ólag á græjum til að spila tónlist, ekkert samlokugrill er nú til staðar, engin sala á samlokum eða öðru nesti, starfsmenn stundum og stundum ekki á staðnum sem þýðir að oft er læst. Samstaða um að þetta þarf að laga. Spurning hvort hægt sé að byrja með vikulega opnun til að byrja með, til að peppa upp stemninguna fyrir risinu og svo smáauka opnunartímann og vera með sölu á samlokum og grill sem virkar.

**Umræður um titlana *ungfrú Austó* og *Herra Austó*.** Ekki spurning um feegurð, heldur meira eins og besta fyrirmyndin og byggja á sérstöðu Austó um sköpunargleði, frumleika, sjálfstæða hugsun og fleira. Vilji til þess að halda þessari hefð svo lengi sem gætt sé að því að hér sé ekki ýtt undir gamaldags staðalmyndir.

**Umræða um valgreinar:** Vilji til þess að nemendur fái tækifæri til að skipta á milli á miðjum vetri, til að leyfa nemendum að prófa ólíkar valgreinar.

**Starfskynningar:** Rætt um möguleikann á því að nemendur geti í mjög litlum hópum, jafnvel í pörum, heimsótt fyrirtæki eða vinnustaði og stofnanir eða einstaklinga og kynnt sér ólík störf í samfélaginu. Foreldrar gætu jafnvel lagt hér hönd á plóg, boðið fram liðsinni sitt.

**Samfélagsleg ábyrgð og borgaravitund:** Rætt um mikilvægi þess að efla með nemendum samfélagslega ábyrgð, tengja við heimili eldri borgara og leikskóla, hugsanlega ungt flóttafólk.

**Umræður um miðstigið.** Skólaráðsfulltrúi foreldra vill gjarnan heyra meira í röddum miðstigsins og yngri barna skólans, hvað þeim finnst mega betur fara í Austurbæjarskóla. Áhyggjur af því hvað gengur illa að blanda saman viðfangsefnum fyrir 5. og 6. bekk, í 100og1. Þessum áhyggjum verður komið áleiðir til foreldraráðs félagsmiðstöðva Tjarnarinnar.

Gaman væri að skipuleggja kynningu fyrir 7. bekkina á unglíngastiginu, heimsækja unglíngadeild á vormisseri 7. bekkjar og kynna fyrirkomulagi kennslunnar, valsins, félagslífinu og fleiri þáttum.

Fleira ekki rætt, fundi slitið.

Oddný Sturludóttir ritaði fundargerð.